



BYGGÐASTOFNUN

STARFS- OG REKSTRARÁÆTLUN 2026

Samþykkt á stjórnarfundum Byggðastofnunar

11. desember 2025



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Vinnustaðurinn.....	4
3. Verkefni á sviði byggðamála	7
4. Fjármögnunarstarfsemi.....	12
5. Stuðningur við atvinnuráðgjöf og byggðapróun	14
6. Öflun gagna og upplýsingamiðlun.....	16
7. Verkefni samkvæmt sérlögum	18
8. Stjórnir, starfshópar og nefndir sem starfsmenn sitja í	19
9. Starfsáætlun stjórnar	20
10. Rekstur Byggðastofnunar.....	22

Starfsáætlun 2026

1. Inngangur

Í starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar fyrir árið 2026 er auk áætlunar um rekstur lýst þeim fjölbreyttu verkefnum sem tengjast verksemi stofnunarinnar og hinum ýmsum sviðum byggðamála. Áætlunin byggir á stefnumótun og stefnumörkun Byggðastofnunar sem samþykkt voru í stjórn hennar árið 2023 og lýsir helstu verkefnum sem stjórnendum og starfsfólki er falið að vinna að á árinu 2026.

Byggðamál hafa verið skilgreind á þann veg að þau séu öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta. Samkvæmt þessari skilgreiningu eru byggðamál viðfangsefni allra ráðuneyta með einhverjum hætti og ná til landsins alls. Samhæfing byggðáætlunar og annarrar opinberrar stefnumótunar er lykilþáttur í því að markmið í byggðamálum náist og í því sambandi er mikilvægt að allar áætlanir hins opinbera séu rýndar út frá byggðasjónarmiðum ekki síður en kynjasjónarmiðum til að tryggja jafnræði. Vinna þarf hugtakinu „jákvæð mismunum“ svipaðan sess í opinberri umræðu um byggðamál eins og hugtakið hefur áunnið sér í jafnréttisumræðunni án þess þó að hallað sé á samkeppnisumhverfi.

Núgildandi byggðáætlun var samþykkt á Alþingi 15. júní 2022. Í greinargerð með lögum nr. 30/2023 kemur fram að í stað þess að þingsályktun um stefnu á sviði byggðamála sé lögð fram á þriggja ára fresti, verði það gert einu sinni á hverju kjörtímabili. Samkvæmt lögum á byggðamálaráð að gera tillögur til ráðherra að byggðastefnu og aðgerðaáætlun að fengnum áherslum ráðherra. Á árinu hefst vinnavið hvítbók um byggðamál, drög að stefnumótandi byggðáætlun til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm. Drög að stefnu (hvítbók) felur í sér umfjöllun og ákvörðun um framtíðarsýn, markmið og árangur af starfsemi yfir tiltekið tímabil, ávinning á tilteknu sviði eða sjónarmið og gildi sem byggt skal á. Drög að stefnu birtist í opnu samráðsferli og að því loknu er farið yfir helstu sjónarmið sem fram koma. Á þeim grunni útfæra stjórnvöld þingsályktun um stefnumótandi byggðáætlun. Í starfsáætlun er gert ráð fyrir aðkomu Byggðastofnunar sem fyrr við þá vinnu sem framundan er við hvítbók (drög að stefnu).

Byggðáætlun lýsir stefnu ríkisins í byggðamálum og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Byggðáætlun hefur að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífsgæði og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla er á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Áætlunin inniheldur aðgerðaáætlun til fimm ára í senn sem á að stuðla að því að þessi markmið náist.

Í núgildandi aðgerðaáætlun er 51 áhersla og 44 beinar aðgerðatillögur sem allar hafa skilgreint ábyrgðarráðuneyti og hafa öll ráðuneyti Stjórnarráðsins hlutverk í áætluninni. Byggðastofnun er skráð sem framkvæmdaraðili 12 aðgerða og samstarfsaðili í 11 aðgerðum til viðbótar. Því er ljóst að byggðáætlun mun áfram mynda uppistöðuna í verkefnastofni Byggðastofnunar.

Í stjórnsáttmála ríkisstjórnar Krístrúnar Frostadóttur eru að finna ýmis áform um bætt búsetuskilyrði og jöfnun tækifæra allra landsmanna. Markmiðum sínum hyggst ríkisstjórnin ná með fjölbreyttum aðgerðum. Meðal annars með mótun auðlindastefnu um sjálfbæra nýtingu og réttlát auðlindagjöld sem renni að hluta til nærsamfélags. Áhersla er lögð á auknar fjárfestingar í samgöngum og ýmsar framkvæmdir um land allt. Með bráðaáðgerðum og kerfisbreytingum á að fjölga íbúðum hratt sem eiga

að miða að jafnvægi á húsnæðismarkaði. Með atvinnustefnu á að stuðla að sjálfbærum vexti atvinnugreina, aukinni framlegð og heilbrigðum vinnumarkaði. Auka á orkuöflun, styrkja flutningskerfi og bæta orkunýtni, stutt verður við orkuskipti og verðmætasköpun um allt land. Stuðla á að verðmætasköpun, öryggi og álagsstýringu í ferðaþjónustu. Ýta á undir verðmætasköpun í matvælaframleiðslu og nýsköpun í landbúnaði og draga á úr orkukostnaði garðyrkjubænda. Auknar kröfur verða gerða í sjávarútvegi um gagnsæi í eignarhaldi. Lögð verður áhersla á að auka aðgengi landsmanna að menningarlífi óháð efnahag og búsetu. Treysta á stoðir hinna dreifðu byggða m.a. með því að jafna aðgengi að heilbrigðisþjónustu og annarri opinberri þjónustu, óháð búsetu. Vinna á að eflingu fjarskiptainviða á landsbyggðinni og jöfnun á dreifingakostnaði raforku, svo dæmi séu tekin. Allt eru þetta áherslur sem endurspeglast í byggðaáætlun.

Fjárhagur stofnunarinnar er traustur og hún er því ágætlega í stakk búin til að mæta tímabundnum áföllum sem hún kann að verða fyrir. Þó rekstur Byggðastofnunar hafi gengið vel mörg undanfarin ár er þess ekki að vænta að rekstur hennar skili árvissum hagnaði og stofnunin er viðkvæm fyrir sveiflum í ytri aðstæðum í atvinnulífi landsbyggðanna sem henni er ætlað að þjóna.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru samþykkt árið 2015 og snúast í grunninn um sjálfbæra þróun. Þar koma m.a. fram markmið um aðgengi að menntun, um sjálfbæra orku, góða atvinnu og hagvöxt, nýsköpun og uppbyggingu auk þess sem fleira mætti telja. Þessi markmið endurspeglast í ýmsum verkefnum byggðaáætlunar og þar með Byggðastofnunar. Á sama hátt vex stöðugt áhersla á umhverfismál og þess má einnig sjá ýmis merki í starfsáætluninni.

Byggðaáætlun, fjárlög, stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar, heimsmarkmiðin auk stefnu og stefnumörkun Byggðastofnunar leggja línur um starfsemi hennar á hverjum tíma. Auk þess er jafnan unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði byggðamála eftir því sem tilefni gefast til, ýmist að frumkvæði ráðuneytis eða stofnunarinnar sjálfrar. Sveigjanleiki er mikilvægur í starfseminni og þarf stofnunin að geta brugðist við breyttum aðstæðum í takt við ytri aðstæður og áherslur stjórnvalda hverju sinni. Starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar er mikilvægasta stjórnþækið í daglegu starfi stofnunarinnar. Reglubundið er fylgst með framgangi áætlunarinnar og stjórn Byggðastofnunar gerð grein fyrir framvindu hennar á hverjum stjórnarfund.

Við hvern þátt starfsáætlunarinnar hér að neðan er tiltekið til hvaða liða í stefnumörkun Byggðastofnunar viðkomandi hluti áætlunarinnar vísar (sm. xx). Er þetta gert til þess að starfsáætlun rími við stefnumörkun stjórnar sem svo á endanum byggir á stefnumótuninni sjálfri.

Samantektin er ekki tæmandi og má gera ráð fyrir að eitthvað af verkefnum muni bætast við á árinu. Verður þeirra getið sérstaklega í framvinduskjölum sem lögð verða fyrir hvern stjórnarfund.

2. Vinnustaðurinn

a. Framúrskarandi vinnustaður

i. HR Monitor (sm. 8.2)

Samkomulag er í gildi við HR Monitor um reglulegar örkannanir meðal starfsfólks. Kerfið veitir rauntímaupplýsingar um mannauðsmál stofnunarinnar sem gerir stjórnendum kleift að bregðast skjótt við breyttum aðstæðum og auka þar með virkni og ánægju starfsmanna.

ii. Stofnun ársins (sm. 8.2)

Stofnun ársins er viðamikil mannauðs- og starfsumhverfiskönnun Sameykis og fjármála- og efnahagsráðuneytis. Tilgangur hennar er að styrkja mannauðsmál og starfsumhverfi starfsfólks í opinberri þjónustu. Könnunin veitir ítarlegar upplýsingar um stöðu mála, þ.e. styrkleika og áskoranir sem nýta má til umbótastarfs á vinnustaðnum. Markmið Byggðastofnunar er að vera meðal 10% efstu allra stofnanna ár hvert í þessari mælingu.

iii. Endurmenntun og líðan starfsmanna (sm. 8.1 & 8.4)

Lögð verður áhersla á hvatningu til starfsþróunar þannig að allir starfsmenn stofnunarinnar sækji sér a.m.k. eitt námskeið á ári sem stofnunin styrki að öllu leyti eða að hluta. Þá verði a.m.k. tveir fyrirlestrar eða námskeið um bættu líðan starfsmanna á árinu.

iv. Leiðtogaþjálfun stjórnenda (sm. 8.1)

Áfram verður áhersla á aukna leiðtogafærni stjórnenda með vinnustofum og einstaklingstímum.

v. Púlsinn (sm. 8.3)

Púlsinn er fréttabréf innanhús þar sem farið er yfir starfsemi stofnunarinnar hverju sinni og hvað sé helst á döfinni. Þannig fái allir starfsmenn upplýsingar um hvað er að gerast á öðrum sviðum og hvað er framundan hverju sinni. Verkefnið eykur upplýsingagjöf innanhús til muna og hefur reynst vel. Markmið ársins er að gefa út a.m.k. fjögur fréttabréf á árinu 2026.

vi. Örfundir (sm. 8.3)

Haldnir verða hálf tíma fundir um eitt tiltekið verkefni innan stofnunarinnar. Þannig gefist starfsfólki tækifæri til þess að þekkja betur önnur verkefni en það vinnur sjálft hvað mest að. Verkefnið eykur upplýsingagjöf innanhús til muna og hefur mælst vel fyrir. Markmið ársins er að halda a.m.k. átta örfundi.

vii. Stefna um hagnýtingu gervigreindar (sm. 5.5, 8.1)

Skilgreint verður hvernig gervigreind getur stutt við markmið stofnunarinnar. Meta þarf hvaða tæknilausnir eða kerfi henta best, það gæti falið í sér að innleiða sértæka hugbúnaðarlausn eða þróa sérhæfðar gervigreindarlíkön til að styðja við greiningu og stefnumótun. Vinna þarf verklagsreglur og tryggja að innleiðing gervigreindar brjóti ekki gegn lögum eða siðferðilegum viðmiðum.

viii. Óstaðbundin störf og fjarvinna (sm. 4.4, 4.5, 8.5)

Aðgerðinni um óstaðbundin störf er ætlað að færa opinber störf frá höfuðborgarsvæðinu í landsbyggðirnar. Í því samhengi er mikilvægt jafnframt að viðhalda staðbundnum störfum sem þegar eru í landsbyggðunum. Í byrjun árs 2026 verða fjögur stöðugildi óstaðbundin hjá Byggðastofnun eða um 16% starfa hjá stofnuninni. Stefnan er að hámarki verði 20% stöðugilda óstaðbundin hjá

Byggðastofnun árið 2026. Auk þessa mun stofnunin veita sveigjanleika er varðar fjarvinnu starfsfólks sem þess óskar eftir því sem mögulegt er.

ix. Náms- og kynnisferð starfsmanna

Farið verður í náms- og kynnisferð í þeim tilgangi að dýpka þekkingu og skilning á stöðu og áskorunum íbúa, fyrirtækja og sveitarfélaga á starfssvæði stofnunarinnar og skapa vettvang til að tengja saman aðila og auka sýnileika stofnunar í byggðum landsins. Sameiginleg reynsla og upplifun eflir samhæfingu milli sviða og starfsmanna.

b. Græn skref í ríkisrekstri (sm. 6.6)

Græn skref í ríkisrekstri snúast um að efla vistvænan rekstur ríkisins með kerfisbundnum hætti. Í skrefunum eru tilgreindar aðgerðir sem snerta sex umhverfispætti og eru þær innleiddar í fimm áföngum. Fimmti áfanginn sýnir helstu aðgerðir sem þarf að innleiða til að byggja upp umhverfisstjórnunarkerfi hjá viðkomandi stofnun.

Aðgerðirnar miða einkum að venjulegri skrifstofustarfsemi og hafa jákvæð áhrif á umhverfið, bæta starfsumhverfi og draga úr rekstrarkostnaði.

Byggðastofnun mun klára innleiðinguna á árinu og byggja upp umhverfisstjórnunarkerfi.

3. Verkefni á sviði byggðamála

a. Byggðaaætlun

i. Hvítbók (drög að stefnu)

Samkvæmt verkáætlun verður lögð fram þingsályktunartillaga að endurskoðaðri byggðaaætlun á haustþingi 2026. Unnin verða drög að stefnu (hvítbók) sem felur í sér framtíðarsýn, markmið og árangur af starfsemi yfir tiltekið tímabil. Stefnumótandi byggðaaætlun er til 15 ára (2027-2041) og henni fylgir fimm ára aðgerðaaætlun 2027-2031.

ii. Aðgengi að sérfræðiþjónustu á heilbrigðissviði (sm. 1.3, 4.3, 6.5)

Byggðastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga vinna greinargerð þar sem lagt er mat á einstakar umsóknir sveitarfélaga sem berast um beitingu ívilnana skv. 2.tölul. 2.mgr. 28.gr. laga um Menntasjóð námsmanna. Vinna þarf áfram að því að tryggja verkefninu fjármögnun.

iii. Verslun í dreifbýli (sm. 3.4, 4.6, 6.8)

Stutt við rekstur dagvöruverslana í minni byggðarlögum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu. Auglýst eftir styrkumsóknum að hausti fyrir komandi ár. Byggðastofnun hefur umsjón með mati á umsóknum, samningsgerð við styrkþega, fjárumýslu og eftirlit með framkvæmd verkefna. Við endurskoðun byggðaaætlunar verður lög áhersla á aukið fjármagn til hennar.

iv. Almenningsamgöngur á milli byggða (sm. 3.4, 6.8)

Auglýst eftir styrkumsóknum á árinu í samstarfi við Vegagerðina og hagaðila. Byggðastofnun hefur umsjón með mati á umsóknum, samningsgerð við styrkþega, fjárumýslu og eftirlit með framkvæmd verkefna.

v. Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar (sm. 4.3, 6.5)

Ferðakostnaður, vinnutap og annar samfélagslegur kostnaður vegna mennta- og félagsþjónustu greindur.

vi. Greining atvinnusóknar (sm. 4.4)

Skilgreint staðfang vinnustaðar og tíðni ferða á milli heimilis og vinnustaðar. Slík greining er nauðsynleg forsenda þess að beita megi hagrænum hvötum við þróun atvinnusóknarsvæða og nýtist í verkefnum sem m.a. snúa að skilgreiningu vinnusóknarsvæða, byggðaaætlun, greiningum á byggðarlögum, mati á þörf á stuðningsaðgerðum og rannsóknum.

vii. Óstaðbundin störf (sm. 4.4, 4.5, 4.6)

Byggðastofnun verður leiðandi í framgangi þessarar aðgerðar byggðaaætlunar á árinu. Kort með upplýsingum um starfsstöðvar og rými fyrir óstaðbundin störf verður uppfært reglulega. Byggðastofnun annast umsýslu umsókna, samningsgerð við styrkþega,

fjárumsýslu og eftirlit með framkvæmd verkefna vegna samkeppnispotts sem styður við flutning ríkisstarfa og ráðningu í ný störf utan höfuðborgarsvæðisins og uppbyggingu vinnustaðaklasa. Stofnunin mun stuðla að því að forstöðumenn ríkisstofnana fái nauðsynlega ráðgjöf og þjálfun við stjórnun óstaðbundinna starfa, með virku samtali við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins sem hefur það hlutverk m.a. að sinna starfsþróun og fræðslumálum ríkisstarfsmanna, málefnum forstöðumanna og stjórnenda. Styrkir til vinnustaðaklasa verða auglýstir og þeim úthlutað á árinu 2026.

viii. Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða (sm. 3.4, 4.1, 6.1, 6.8)

Veittir styrkir sem nýtast einstökum svæðum eða byggðarlögum. Áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Byggðastofnun annast mat á umsóknum, samningsgerð við styrkþega, fjárumsýslu og hefur eftirlit með framkvæmd verkefna. Auglýst var eftir umsóknum í október 2025 með umsóknarfrest til 20. janúar 2026. Gert er ráð fyrir að auglýsa að nýju í október 2026.

ix. Brothættar byggðir (sm. 4.1, 5.4, 6.3, 7.3, 7.6)

Á árinu 2026 verða Dalabyggð, Stöðvarfjörður, Reykhólahreppur og Kaldrananeshreppur virk þátttökubbyggðarlög í verkefninu. Taka þarf afstöðu til þess að bæta við einu til tveimur þátttökubbyggðarlögum á árinu. Unnið verður að tilraunaendurupptökuverkefni á Raufarhöfn og í Öxarfirði, tvö fyrrum þátttökubbyggðarlög sem enn standa höllum fæti. Skerpt verður á eftirfylgni verkefna í Brothættum byggðum eftir að Byggðastofnun dregur sig í hlé. Samningar eru til fimm ára og könnun gerð meðal íbúa í upphafi og við lok verkefna. Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög (sm. 6.1, 6.2, 6.3, 6.4, 7.8)

x. Áhrif loftslagsbreytinga og sveitarfélög (sm. 6.1, 6.2, 6.3, 6.4, 7.8)

Fimm sveitarfélög taka þátt í verkefninu um aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Akureyrarbær, Fjallabyggð, Sveitarfélagið Hornafjörður, Reykhólahreppur og Reykjanesbær. Afurðir verkefnisins eiga að aðstoða sveitarfélög við að hámarka aðlögunargetu sína, grípa til aðgerða og lágmarka um leið efnahagslegt tjón og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga á innviði, samfélög og byggðapróun. Unnar verða aðlögunaráætlanir fyrir þátttökusveitarfélögin ásamt leiðarvísi og leiðbeiningum fyrir öll sveitarfélög. Áætlað er að verkefninu ljúki með ráðstefnu í lok janúar 2026.

1. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála (sm. 1.6, 2.1, 2.4, 4.3, 7.7)

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar. Söfnun og miðlun upplýsinga á sviði byggðamála m.a. um íbúapróun, íbúaveltu, búferlaflutninga, þróun fasteignamats og fasteignagjalda, orkukostnað heimila og tekjur einstaklinga. Teknar eru saman upplýsingar um fjölda stöðugilda á vegum ríkisstofnana og um húsnæði fyrir óstaðbundin störf.

2. Virk þátttaka í alþjóðasamstarfi (sm. 1.4, 2.3, 4.2, 5.2, 6.4, 7.2)

Byggðastofnun tekur þátt í *Norræna Atlantssamstarfinu* (NORA) sem tekur til Íslands, Færeyja, Grænlands og strandhéraða Noregs, *Norðurslóðaáætlun ESB* (Northern Periphery and Arctic Programme) sem er samstarfsvettvangur Írlands, Svíþjóðar, Finnlands, Noregs, Færeyja, Grænlands og Íslands og *European Territorial Observatory Network* (ESPON) sem er samstarf ESB og EES ríkja. Auglýst verður eftir samstarfsverkefnum í NORA og NPA. ESPON miðar að því að efla magn og gæði byggðarannsóknna og greiða aðgengi stjórnvalda að þeim. Þá tekur Byggðastofnun virkan þátt í starfi Nordregio sem hefur það hlutverk að stunda rannsóknir á sviði skipulags- og byggðamála. Lögð áhersla á að kynna enn frekar möguleika íslenskra aðila á að taka þátt í erlendum samstarfsverkefnum.

3. Mælikvarðar byggðaáætlunar (sm. 1.1)

Uppfærsla á mælikvörðum sem stuðst er við til að meta framgang markmiða byggðaáætlunar.

Markmið A. Jafna aðgengi að þjónustu. Mælikvarðar: 1. Mismunur á húshitunarkostnaði heimila. 2. Hlutfall þeirra sem búa innan við 30 km fjarlægð frá heilsugæslustöð, leik-, grunn- og framhaldsskóla og dagvöruverslun. 3. Hlutfallsleg skólasókn á framhalds- og háskólastigi, annars vegar í aldurshópnum 16–24 ára og hins vegar þeirra sem eru eldri.

Markmið B. Jafna tækifæri til atvinnu. Mælikvarðar: 1. Atvinnuþátttaka og atvinnutekjur. 2. Hlutfall ríkisstarfa af íbúafjölda/heildarfjölda stöðugilda. 3. Menntunarstig (25–64 ára).

Markmið C. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land. Mælikvarðar: 1. Framfærsluhlutfall. 2. Lýðfræðilegir veikleikar. 3. Loftslagsstefnur sveitarfélaga, sbr. mælikvarða í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Mælikvarðar verða endurskoðaðir í nýrri byggðaáætlun.

a. Sóknaráætlanir landshluta (sm. 1.5, 4.1, 4.3, 7.1, 7.4, 7.5)

Starfsmaður Byggðastofnunar er verkefnisstjóri sóknaráætlana og vinnur með stýrihópi Stjórnarráðsins að útfærslu og framkvæmd verkefnisins. Byggðastofnun leggur mat á framvindu sóknaráætlana, áhersluverkefni og uppbyggingasjóði og hefur eftirlit með fjárreiðum þeirra. Unnið er að aukinni samræmingu og samráði varðandi nýja umsóknargátt og umsóknarfresti, m.a. markaðssetningu á sjóðunum og ráðgjöf landshlutasamtakanna. Gert er ráð fyrir að greinargerð um framvindu og ráðstöfun fjármuna komi út í september.

b. Greining á byggðaáhrifum frumvarps til fjárlaga, umsagnir um þingmál

xi. Frumvarp til fjárlaga (sm. 1.1, 1.2, 1.3, 9.1)

Samkvæmt lögum nr.123/2015 veitir Byggðastofnun fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif fjárlagafrumvarpsins á byggðaþróun í landinu. Með lögum nr. 41/2015 um ívilnanir

til fjárfestingarverkefna á Íslandi fékk Byggðastofnun það hlutverk að meta áhrif fjárfestingaverkefna á byggðaðróun og atvinnulíf.

xii. Umsagnir um þingmál (sm. 1.2, 1.3, 4.6, 9.2)

Stofnunin sinnir beiðnum sem berast um umsagnir þingmála og sendir inn umsagnir að eigin frumkvæði eftir því sem tilefni er til.

c. Byggðarannsóknir og stuðningur við rannsóknir og stefnumótun

xi. Þjónustukönnun (sm. 2.1, 2.2, 7.7, 9.3)

Lokið verður við síðari hluta könnunar um þjónustusókn, þ.e. hvert og hversu oft íbúar sækja þjónustu. væntingar þeirra til breytinga á framboði þjónustu og hversu ánægðir þeir eru með þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Niðurstöður síðari hluta verða birtar í skýrslu og mælaborði og kynntar.

xii. Ríkisstörf (sm. 2.1, 2.4, 4.3, 4.4, 7.7)

Árleg könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Tölur miða við fjölda stöðugilda við áramót. Miðað er við hvar störfir eru unnin en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr. Niðurstöður birtar á fjórða ársfjórðungi.

xiii. Fasteignagjöld (sm. 2.1, 2.4, 4.3, 7.7)

Fasteignagjöld viðmiðunareignar reiknuð samkvæmt álagningarreglum ársins 2026 eins og þær eru í hverju sveitarfélagi út frá fasteignamati Þjóðskrár sem gildir frá 31. desember 2025. Fasteignagjöld samanstanda af fasteignaskatti, lóðarleigu, fráveitugjaldi, vatnsgjaldi og sorpgjöldum. Niðurstöður birtar á öðrum ársfjórðungi.

xiv. Orkukostnaður heimila (sm. 2.1., 2.4., 4.3., 7.7.)

Reiknaður er út kostnaður heimila á flestum þéttbýlisstöðum og nokkrum dreifbýlisstöðum vegna rafmagns og hita á ársgrundvelli. Niðurstöður birtar á fjórða ársfjórðungi.

xv. Tekjur einstaklinga (sm. 2.1, 2.4, 4.3, 7.7)

Gögn frá Hagstofu Íslands um tekjur einstaklinga 2025 rýnd til að skoða hvaða atvinnugreinar standa undir tekjum einstaklinga eftir landssvæðum og greina breytingar sem verða þar á. Tekjur einstaklinga fylgja lögheimili þeirra en ekki staðsetningu launagreiðanda. Niðurstöður birtar á fjórða ársfjórðungi.

vi. Skilgreining vinnusóknarsvæða (sm. 2.1, 2.4, 4.3)

Skilgreining vinnusóknarsvæða út frá fyrirfram skilgreindum ferðatíma verður unnin. Fram að þessu hafa vinnusóknarsvæði verið skilgreind út frá staðarþekkingu um vinnusókn. Greiningin er nauðsynleg forsenda þess að beita megi hagrænum hvötum við þróun vinnusóknarsvæða.

vii. Byggðarannsóknasjóður og styrkir til meistaranema (sm. 2.4, 2.5)

Styrkveitingar úr Byggðarannsóknasjóði á ársfundi stofnunarinnar að vori, opnað fyrir umsóknir í febrúar Styrkir til meistaranema veittir í árslok, opnað fyrir umsóknir í september/október Með Byggðarannsóknasjóði gefst tækifæri til að styðja við rannsóknir á sviði byggðamála og bæta þekkingargrunn fyrir stefnumótun og aðgerðir í byggðamálum.

xvi. Byggðaráðstefna (sm. 2.4)

Haustið 2026 hefst undirbúningur byggðaráðstefnunnar sem haldin verður haustið 2027 á Norðurlandi vestra. Tilgangur byggðaráðstefnunnar er að tengja saman fræðilega og hagnýta þekkingu á byggðamálum með það að markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

xvii. Flutningskostnaður (sm. 4.3, 7.1, 7.6)

Greining á flutningskostnaði viðmiðunarsendinga frá höfuðborgarsvæði til skilgreindra byggðakjarna/áfangastaða. Tilgangurinn er að greina möguleg áhrif og þróun breyttrar opinberrar gjaldtöku á ökutæki á verðlag til neytenda.

4. Fjármögnunarstarfsemi

a. Áherslur í útlánastarfsemi 2026

Á árinu 2026 er áætlað að ný útlán stofnunarinnar verði um 8 ma.kr. skv. sjóðstreymisáætlun í kafla 10 b. Til samanburðar höfðu verið veittir rúmlega 4,6 ma.kr. um miðjan nóvembermánuð 2025. Á árinu 2026 er gert ráð fyrir að framlag í afskriftarreikning útlána verði að hámarki 225 m.kr. Nauðsynlegt getur reynst að taka útlánaáætlun til endurskoðunar ef aðstæður breytast. Megin markmiðin eru að útlánageta stofnunarinnar nýtist sem allra best og að uppfylla skilyrði laga um fjármálafyrirtæki um lágmarks eiginfjárhlutfall stofnunarinnar.

Útlánastarfsemi Byggðastofnunar á árinu mun taka mið af eftirfarandi:

- Miða skal við að áhætta vegna eins eða fleiri tengdra aðila fari ekki yfir 10% af eigin fé stofnunarinnar á hverjum tíma.
- Sköpun og varðveisla varanlegra starfa verði í forgrunni.
- Að nægjanlegt eiginfjárframlag sé til verkefna.
- Að trúverðugar rekstraráætlanir sýni fram á greiðslugetu.
- Forgangsroðun verkefna verður sem fyrr í samræmi við grein 5.7 í Verklagsreglum um útlán.

b. Fjármögnun verkefna í landsbyggðunum

xi. Samstarf við Evrópska fjárfestingasjóðinn (sm. 3.1, 3.2, 3.3, 4.6, 5.3, 5.4, 6.8)

Byggðastofnun undirritaði samkomulag við Evrópska fjárfestingasjóðinn (EIF) um aðild að InvestEU áætlun Evrópusambandsins vorið 2024. Kynntir voru bæði nýir og breyttir lánaflakkar í framhaldinu og voru viðtökur góðar. Ásókn í lánaflakka sem heyra undir samkomulagið var töluvert meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og hefur verið óskað eftir aukinni heimild frá EIF. Mun svar liggja fyrir á fyrsta ársfjórðungi 2026.

xii. Sýnileiki fjármögnunarstarfseminnar (sm. 3.5, 3.6, 5.4, 7.5)

Stefnt er á að auka eða viðhalda sýnileika fjármögnunarstarfseminnar í gegnum samfélagsmiðla eins og facebook, Instagram og LinkedIn. Markmiðið er að efla sýnileika stofnunarinnar, veita upplýsingar um lánaflakka stofnunarinnar og kynna samstarf við atvinnuráðgjafa landshlutasamtakanna.

xiii. Efling áttthagafjárfesta (sm. 1.7, 3.7, 4.6)

Byggðastofnun hefur unnið að eflingu áttthagafjárfesta í landsbyggðunum með það að markmiði að í hverjum landshluta verði starfandi öflugur áttthagafjárfestir sem styður við eflingu atvinnulífs á svæðinu. Þessi félög eru að meirihluta í eigu heimamanna sem bera hag síns nærumhverfis fyrir brjósti og þekkja það best. Byggðastofnun er minnihlutaeigandi sem kemur að félögunum með fjármagn og sérfræðiþekkingu. Þetta hefur reynst mikilvægur hluti af atvinnuuppbyggingu til viðbótar við lánveitingar stofnunarinnar. Unnið verður markvisst að því að styðja betur við félögin og leita leiða til að efla þau, m.a. með auknu hlutafjárframlagi að upphæð allt að 100 m.kr. á árinu.

Áttthagafjárfestum er ætlað að tryggja aðgengi frumkvöðla að fjármagni um land allt. Stofnunin gegnir í því samhengi mikilvægu hlutverki í að skapa þessum svæðum atvinnuöryggi og byggðafestu með þátttöku sinni í þessum félögum. Af þessu leiðir að hlutafé stofnunarinnar í þessum félögum er ekki auglýst markvisst til sölu líkt og hlutafé hennar í hefðbundnum rekstrar- eða fjárfestingafélögum í samkeppnisumhverfi.

xiv. Störf í landsbyggðunum (sm. 3.2, 3.5, 3.6, 4.1, 4.3, 4.4, 4.5, 5.4, 7.1, 7.3)

Lánveitingar stofnunarinnar eru mikilvægur þáttur í eflingu atvinnulífs í landsbyggðunum. Skráð verður sérstaklega hvaða áhrif þær eru að hafa á sköpun og varðveislu starfa.

xv. Uppbygging atvinnuhúsnæðis í viðkvæmu byggðalagi (sm. 4.1, 4.3, 4.5, 4.6, 7.1, 7.4, 7.5)

Unnið verður áfram með tímabundin átaksverkefni sem miða að því að hvetja til uppbyggingar atvinnuhúsnæðis þar sem aðstæður hamla slíkum framkvæmdum og þar með framþróun atvinnulífs. Þannig mun Byggðastofnun koma með beinum hætti að fjármögnun tveggja atvinnuhúsnæða. Verkefnið er tvíþætt, uppbygging á nýju húsnæði í Dalabyggð og endurbætur á eldra húsnæði á Stöðvarfirði sem stofnunin eignaðist á uppboði.

5. Stuðningur við atvinnuráðgjöf og byggðaðróun

a. Stuðningur við atvinnuráðgjöf og byggðaðróun í landsbyggðunum

xi. Samningar um atvinnuráðgjöf og byggðaðróun (sm. 3.6, 4.1, 5.1, 6.4, 7.5, 7.6.)

Byggðastofnun gerir samninga um atvinnu- og byggðaðróun við sex landshlutasamtök og eitt atvinnuþróunarfélag, gildistími þeirra er til ársloka 2027. Með samningum við Byggðastofnun taka samningsaðilar að sér atvinnuráðgjöf í landshlutanum sem og ýmis verkefni sem styðja við atvinnu- og byggðaðróun á þeirra starfssvæðum. Framlag til samningsaðila er ákvarðað af Alþingi ár hvert og ráðstafað úr fjárlagaliðnum *Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni*. Skipting fjármuna til samningsaðila er samkvæmt reiknireglu sem byggir á fimm þáttum: 1) stærð vinnusóknarsvæða og íbúafjölda, 2) fjarlægð frá Reykjavík eða stærri byggðarlögum, 3) íbúaðróun s.l. fimm ár, 4) viðkvæmum svæðum og 5) atvinnulífi. Byggðastofnun fylgist með að útfærsla og framkvæmd atvinnuráðgjafa sé í samræmi við samninga, veitir faglega aðstoð, hvetur til tengslamyndunar atvinnuráðgjafa og gengst fyrir fundum, ráðstefnum og náms- og kynnisferðum. Unnin verður greinargerð með hliðsjón af markmiðum samninga og lagt mat á hvort þeim hafi verið náð og með hvaða hætti.

xii. Reglubundnir fundir með framkvæmdastjórum landshlutasamtaka (sm. 4.1, 4.6, 5.1, 5.7)

Haldnir mánaðarlegir fundir með framkvæmdastjórum, auk þess sem sameiginlegir vor- og haustfundir eru haldnir með fulltrúum Byggðastofnunar og fulltrúum landshlutasamtaka ár hvert.

xiii. Reglubundnir fundir vegna atvinnuráðgjafa (sm. 3.5, 3.6, 7.5)

Haldnir verða reglubundnir fundir með fagráði atvinnuráðgjafa hjá landshlutasamtökum í landsbyggðunum. Fagráðinu er ætlað að skapa vettvang til aukins samráðs um ráðgjöf, nýsköpun og nýsköpunarumhverfið. Jafnframt mun það stuðla að samræmingu verklags, tryggja þjálfun og þjálfunarefni fyrir ráðgjafa og vera vettvangur til fræðslu og endurmenntunar. Fagráðinu er einnig ætlað að skoða þróun þjónustu ráðgjafa landshlutasamtakanna til framtíðar.

xiv. Reglubundnir fundir um umhverfis- og loftslagsmál (sm. 1.7, 6.1, 6.3, 6.4, 7.9)

Samráðsvettvangur Byggðastofnunar og starfsfólks landshlutasamtaka sem vinnur að umhverfismálum. Byggðastofnun fer með umsjón funda og annast undirbúning þeirra. Markmiðið er að miðla þekkingu um umhverfis- og loftslagsverkefni sem verið er að vinna að hjá landshlutasamtökunum, Byggðastofnun og öðrum hagaðilum.

xv. Reglubundnir fundir um menningarmál (sm. 1.7, 4.1, 4.3)

Samráðsvettvangur Byggðastofnunar og menningarfulltrúa landshlutasamtakanna sem vinna að ýmsum samstarfsverkefnum varðandi menningarmál og skapandi greinar sem verða sífellt meira áberandi í atvinnulífinu.

b. Annar stuðningur við byggðaðróun

xi. Eyrarrósinn (sm. 5.4, 5.9)

Frá árinu 2005 hefur Byggðastofnun ásamt Listhátíð Reykjavíkur og Icelandair staðið að veitingu Eyrarrósarinnar sem er viðurkenning fyrir framúrskarandi lista- og/eða menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar. Sköpunarmiðstöðin á Stöðvarfirði, sem er Eyrarrósarhafi 2025, verður þátttakandi á Listahátíð Reykjavíkur 2026.

xii. Landstólpinn (sm. 5.4, 5.9)

Landstólpinn er samfélagsviðurkenning sem Byggðastofnun veitir á ársfundi, ár hvert. Landstólpinn er viðurkenning til einstaklings, fyrirtækis, stofnunar eða sveitarfélags vegna verkefnis, starfsemi, umfjöllunar eða annars sem aukið hefur veg byggðarlagsins.

6. Öflun gagna og upplýsingamiðlun

a. Upplýsingamiðlun

xi. Mælaborðin (sm. 1.6, 2.1, 2.2, 2.4, 4.3, 7.7)

Myndræn framsetning á tölfræðilegum upplýsingum á sviði byggðamála sem gerir notendum kleift að greina stöðu svæða á myndrænan, einfaldan og fljótlegan hátt. Bætt verður við mælaborðum um menntunarstig, og úr rannsóknum um byggðafestu og búferlaflutninga, fjármögnun verkefna, lán og styrki og byggðavísitala.

xii. Þjónustukortið (sm. 1.6)

Haldið áfram að kortleggja opinbera þjónustu og viðhalda upplýsingum á þjónustukortinu sem er aðgengilegt á heimasíðu stofnunarinnar.

xiii. Samfélagsmiðlun (sm. 1.6)

Markmið og megináherslur með þátttöku Byggðastofnunar á samfélagsmiðlum er að upplýsa um hlutverk, tilgang og störf stofnunarinnar og stuðla að auknu upplýsingaflæði til almennings. Hvetja til og taka þátt í umræðu um byggðamál og stuðla að markaðssetningu landsbyggðanna hvort sem er til búsetu eða atvinnu.

xiv. Fjölmiðlar (sm. 1.6)

Fagleg umfjöllun um stofnunina í fjölmiðlum er mikilvæg. Settar hafa verið upp verklagsreglur um miðla stofnunarinnar og samskipti við fjölmiðla í þeim tilgangi að auka sýnileika stofnunarinnar og jákvæða ímynd hennar.

xv. Kynningafundir í sveitastjórnnum (sm 1.1, 1.6)

Haldið áfram markvissu kynningastarfi þar sem sveitarstjórnir verða heimsóttar og þeim kynnt fjölbreytt þjónustuframboð stofnunarinnar með það fyrir augum að auka sýnileika hennar og efla enn frekar tengslin við landsbyggðirnar. Verkefnið hófst 2025 en markmið ársins 2026 er að loka hringnum þannig að öll sveitarfélög á starfssvæði stofnunarinnar hafi verið heimsótt í þessum tilgangi.

xvi. Stofnanavitinn (sm. 1.1, 1.6)

Maskína hefur um árábil mælt þekkingu og viðhorf almennings til stofnana í samfélaginu undir heitinu „Stofnanaviti Maskínu“. Niðurstöður síðustu ára gáfu tilefni til sóknartækifæra fyrir stofnunina að auknum sýnileika sem unnið er markvisst að í verkefnum hér að ofan. Í grunninn byggir könnunin á tveimur lykilsurningum með mælikvarða 1-5. Þær eru jákvæðni landsmanna til stofnunarinnar annars vegar og þekking á starfsemi hennar hins vegar. Árið 2023 mældist jákvæðni landsmanna til stofnunarinnar 3,19 og þekkingu á starfsemi hennar 2,50. Árið 2024 mældist jákvæðni 3,23 og viðhorf 2,54 og má því merkja þróun í rétta átt. Markmið 2025 er að könnun sýni áfram framfarir í þessari mælingu.

b. Stafræn vegferð

xi. Island.is (sm. 5.1, 5.5)

Áfram unnið að þróun rafrænna verkefna í samstarfi við island.is og verkefnið „Stafrænt Ísland“. Skoðað verði aðgengi að „Straumnum“, umsóknargátt og samræmingar vefs Byggðastofnunar við aðra opinbera vefi.

xii. Stafvæðing innri ferla (sm.5.1,5.5)

Ýmis eyðublöð, heimildir og beiðnir s.s. ferðabeiðnir og dagpeningar færðar yfir á stafrænt form.

c. Þekkingaöflun

xi. Þátttaka í ráðstefnum, málþingum og öðrum viðburðum á sviði byggðamála (sm. 1.1, 1.3, 2.2, 2.3, 4.3, 5.2)

Starfsmenn stofnunarinnar munu sækja viðburði á sviði byggðamála til þess að efla enn frekar þekkingu innan stofnunarinnar og gera hana sýnilegri.

7. Verkefni samkvæmt sérlægum

a. Aflamark Byggðastofnunar (sm. 1.1, 1.2, 3.8, 4.1,)

Í gildi eru samningar um aflamark stofnunarinnar vegna fiskveiðiáranna 2024/2025 – 2029/2030 á sunnanverðum Vestfjörðum (Tálknafjörður, Patreksfjörður), Þingeyri, Suðureyri, Drangnesi, Hólmavík, Hrísey, Raufarhöfn, Bakkaflrði, Borgarfirði eystri og Breiðdalsvík, vegna 2025/2026 – 2029/2030 á Flateyri og vegna 2024/2025-2026/2027 á Djúpavogi og í Grímsey. Allir samningarnir eru á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016 nema samningarnir í Grímsey sem eru á grundvelli reglugerðar nr. 1256/2024 og án vinnsluskyldu. Megin verkefni ársins er eftirfylgni með framkvæmd samninganna og eftir atvikum mat á áhrifum þeirra. Skerðingar á aflamarki stofnunarinnar hafa og mun leiða til meira álags við framkvæmd verkefnisins og þegar þetta er ritað ríkir einnig veruleg óvissa um framkvæmd þess vegna boðaðra breytinga í 5,3% kerfinu þar sem ekki er ljóst hvernig þær munu koma út fyrir einstaka byggðarlög/samningsaðila og hvernig þeir geta brugðist við þeim. Þá auka breytingar á veiðigjaldi einnig á þessa óvissu.

b. Flutningsjöfnun (sm. 3.8)

Samkvæmt lögum nr. 160/2011 ber Byggðastofnun að annast framkvæmd styrkveitinga í samræmi við II. og III. kafla laganna sem fjalla um flutningsjöfnunarstyrki til framleiðenda og flutningsjöfnunarstyrki vegna sölu olíuvara. Auglýst eftir umsóknum á fyrsta ársfjórðungi.

c. Stjórnsýsla póstmála (sm. 9.1, 9.2, 9.7)

Stjórnsýsla póstmála skv. lögum um póstpjónustu nr. 98/2019 var flutt til Byggðastofnunar með lögum nr. 76/2021.

d. Vatnsveitustyrkir til lögbýla (sm. 3.8, 4.6, 7.6)

Greidd eru framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (skv. reglugerð nr. 180/2016) vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur fyrir lögbýli, ef það er hagkvæmara að mati sveitarstjórna en að leggja sameiginlega veitu til viðkomandi bæja. Byggðastofnun tekur við verkefninu árið 2026 af MAST að beiðni innviðaráðuneytis og hefur því umsjón með yfirferð umsókna í samráði við búnaðarsambönd og annast greiðslur framlaga til framkvæmdaraðila.

8. Stjórnir, starfshópar og nefndir sem starfsmenn sitja í

a. Stjórnir (sm. 1.7)

- Norðurslóðaaætlunin (NPA)
- Norræna Atlantssamstarfið (NORA)
- ESPON
- Textílmíðstöð Íslands
- Ásgarður ehf.
- Fjárfestingafélagið Vör hf.
- Molta ehf.
- Ámundakinn ehf.
- Nes listamiðstöð ehf.
- Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.
- Eignarhaldsfélagið Suðurnesja hf.
- Útgerðarfélagið Skúli ehf.
- Hvetjandi hf., eignarhaldsfélag
- Þörungaverksmiðjan hf.
- Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.
- Fjárfestingafélag Þingeyinga ehf.

b. Starfshópar (sm. 1.7)

- Þátttaka í þemahópum um jákvæða byggðaðróun á vegum norræna ráðherraráðsins
- Hagsmunaráð Landsnets
- Grunngerð landsupplýsingakerfa
- Stýrihópur Stjórnarráðsins (áheyrnarfulltrúi og verkefnisstjóri)
- Samstarf við Háskólann á Hólum
- Samstarf við Háskólann á Bifröst
- Samstarf við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og Veðurstofu Íslands um aðlögun að loftslagsbreytingum
- Fagráð atvinnuráðgjafa landshlutasamtakanna
- Samstarf við menningarfulltrúa landshlutasamtakanna
- Bakhópur Sambands sveitarfélaga um loftslagsmál
- Bakhópur Sambands sveitarfélaga um úrgangsmál og hringrásarhagkerfi
- Fulltrúaráð Listahátíðar Reykjavíkur

c. Nefndir (sm.1.7)

- Valnefnd um úthlutun á framlögum á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar (innviðaráðuneytið)
- Atvinnumál kvenna (Vinnumálastofnun)
- Rannsóknarsetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum

9. Starfsáætlun stjórnar

a. Fundadagskrá stjórnar

xi. Janúar - Fjarfundur

- Áhættuskýrsla 4. ársfjórðungs lögð fram - til kynningar.
- Skýrsla regluvarðar lögð fram til kynningar og erindisbréf regluvarðar endurnýjað.
- Kynning á erlendum samstarfsverkefnum.
- Framvinda sóknaráætlana og ráðstöfun fjármuna – til kynningar

xii. Febrúar - Fjarfundur

- Ársreikningur lagður fram til samþykktar. Innri og ytri endurskoðendur koma á fundinn og fara yfir sína vinnu. Fjallað um skýrslu endurskoðunarnefndar.
- Skýrsla ábyrgðarmanns peningapvættis lögð fram - til kynningar.
- Skýrsla persónuverndarfulltrúa lögð fram - til kynningar.
- Samanburður á orkukostnaði - til kynningar.

xiii. Mars - Fjarfundur

- ICAAP skýrsla síðastliðins árs lögð fram - til afgreiðslu.
- Samanburður á fasteignagjöldum - til kynningar.
- Byggðarannsóknarsjóður – til afgreiðslu.

xiv. Apríl - Staðfundur

- Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs lögð fram - til kynningar.
- Endurskoðun á loftslagsstefnu og yfirferð aðgerðaráætlunar - til afgreiðslu.
- Niðurstöður græns bókhalds kynntar.
- Árangursmat á störfum stjórnar.

xv. 28. maí – Kirkjubæjarklaustur (á fundarstað ársfundar)

- Skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar lögð fram - til kynningar.
- Endurskoðun jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar þriðja hvert ár, næst 2027.
- Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa - til afgreiðslu

xvi. Júní - Í höfuðstöðvum Byggðastofnunar

- Kynning á starfsemi stofnunarinnar og regluverki sem um hana gildir fyrir nýtt fólk í stjórn.
- Starfsáætlun stjórnar fyrir næstu 12 mánuði staðfest og fundartímar og staðsetning stjórnarfunda fram að næsta ársfundi ákveðinir.
- Staðsetning, tímasetning og fundarefni ársfundar ákveðið.
- Endurskoðun á starfsreglum endurskoðunarnefndar.
- Kosning í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til næstu 12 mánaða.
- Umræður um vaxtakjör Byggðastofnunar.
- Ábyrgðasamkomulag við EIF - staðan

xvii. Júlí

- Enginn fundur haldinn.

xviii. Ágúst - Staðfundur

- 6 mánaða uppgjör stofnunarinnar lagt fram til samþykktar.
- Áhættuskýrsla 2. ársfjórðungs lögð fram til kynningar.

xix. September - Staðfundur

- Ársskýrsla Brothættra byggða – til kynningar.
- Staðsetning ríkisstarfa – til kynningar.

xx. Október - Staðfundur

- Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs lögð fram til kynningar.
- Endurskoðuð Áhættustefna Byggðastofnunar lögð fram til samþykktar.
- Flutningsjöfnunarstyrkir - til kynningar.
- Framfylgd samninga um atvinnuráðgjöf og atvinnu- og byggðaðróun - til kynningar.

xxi. Nóvember - Fjarfundur

- Drög að starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar næsta árs lögð fram til kynningar.
- Umsögn Byggðastofnunar um fjárlagafrumvarp komandi árs lögð fram til kynningar.
- Ársskýrsla Aflamarks Byggðastofnunar - til kynningar.
- Endurskoðun á stefnu Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka - til afgreiðslu.
- Endurskoðun á reglum um störf stjórnar - til afgreiðslu.

xxii. Desember - Fjarfundur

- Starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar næsta árs lögð fram til samþykktar.
- Umræður um vaxtakjör Byggðastofnunar.
- Styrkir til meistaranema – til afgreiðslu.

10. Rekstur Byggðastofnunar

Samkvæmt 11. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999 skal vera reikningslegur aðskilnaður milli lánastarfseminnar og annarrar starfsemi.

Lánastarfseminni er ætlað að bera allan kostnað vegna fyrirtækjasviðs og lögfræðisviðs og helming kostnaðar vegna rekstrarsviðs, forstjóra og stjórnar, á móti þróunarsviði og stjórnsýslu póstmála. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2026 verður framlag til reksturs Byggðastofnunar árið 2026 451,7 m.kr. sem skiptist í 211,9 m.kr. til reksturs Byggðastofnunar og 239,8 m.kr. til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Lækka framlög í heildina um 0,6 m.kr. sem skiptist þannig að framlag til stofnunarinnar lækkar um 0,1 m.kr. en framlag til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni lækkar um 0,5 m.kr. á milli ára.

Stofnunin hefur 5,0 ma.kr. lántökuheimild skv. fjárlagafrumvarpinu og er gert ráð fyrir að hún verði nýtt að fullu og á móti er gert ráð fyrir 6,0 ma.kr. í nýjar lánveitingar. Nýjar lánveitingar voru 30. nóvember 2025 komnar í 4,6 ma.kr. og samþykkt ógreidd lánsloforð námu á sama tíma 3,4 ma.kr.

Í lok september 2025 var eiginfjárhlutfall Byggðastofnunar 24,03%, og því uppfyllir stofnunin skilyrði 84. gr. laga nr. 161/2002 um lágmarks eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækja sem í dag er 8%.

Starfsfólk stofnunarinnar í byrjun nóvember 2025 voru 26, sem skiptist jafnt á milli kynja sem er sami fjöldi og var í árslok 2024. Gert er ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda á árinu 2026.

a. Rekstraráætlun 2026

Rekstrarreikningur þ.kr.	Rekstur 2024	Áætlun 2025	Horfur 2025	Áætlun 2026
Tekjur				
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum og handb. fé	2.670.446	2.800.000	2.874.000	3.000.000
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum	1.345.188	1.700.000	1.633.000	1.800.000
Hreinar vaxtatekjur	1.325.258	1.100.000	1.241.000	1.200.000
Aðrar rekstrartekjur				
Framlag skv. fjárlögum	453.500	452.300	452.300	451.700
Gengismunur	2.367	0	3.000	0
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa	52.510	0	40.000	0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélag	46.556	0	0	0
Tekjur af fullnustueignum	0	0	0	0
Aðrar tekjur	188.771	180.000	275.000	200.000
Aðrar rekstrartekjur alls	743.704	632.300	770.300	651.700
Hreinar rekstrartekjur	2.068.962	1.732.300	2.011.300	1.851.700
Önnur rekstrargjöld				
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa	240.500	240.300	240.300	239.800
Veittir aðrir styrkir	121.325	175.000	175.000	180.000
Laun og launatengd gjöld	436.977	450.000	450.000	470.000
Annar rekstrarkostnaður	216.095	200.000	210.000	220.000
Rekstrarkostnaður fullnustueigna	1.925	2.000	30.000	50.000
Endurmat fullnustueigna	0	0	10.000	25.000
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	24.354	25.000	25.000	25.000
Framlög í afskr. útlána, lánsloforða og a. krafna	-276.899	250.000	270.000	300.000

Gjöld samtals	764.277	1.342.300	1.410.300	1.509.800
Afkoma ársins	1.304.685	390.000	601.000	341.900

b. Sjóðstreymisáætlun 2026

Sjóðstreymisáætlun þ.kr.	Rekstur 2024	Áætlun 2025	Horfur 2025	Áætlun 2026
Afkoma ársins	1.304.685	390.000	601.000	341.900
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi				
Hreinar vaxtatekjur	-1.325.258	-1.100.000	-1.241.000	-1.200.000
Gengismunur	-2.367	0	-3.000	0
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa	-52.510	0	-40.000	0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélag	-46.556	0	0	0
Endurmat fullnustueigna	0	0	10.000	25.000
Hagnaður af sölu fullnustueigna	-884	0	0	0
Afskriftir rekstrarfjármuna	24.354	25.000	25.000	25.000
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	0	0	0	0
Framlög í afskr. útlána, lánsloforða og a. krafna	-276.899	250.000	270.000	300.000
	-375.435	-435.000	-378.000	-508.100
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum				
Afborganir útlána	2.045.370	1.400.000	2.209.000	1.500.000
Veitt lán	-4.336.205	-5.000.000	-5.000.000	-6.000.000
Kaup og sala fullnustueigna	0	0	0	0
Aðrar kröfur	-20.658	0	0	0
Aðrar skuldir	-62.929	0	0	0
Óráðstöfuð framlög	34.699	0	0	0
	-2.715.158	-4.035.000	-3.169.000	-5.008.100
Innborgaðir vextir	2.113.551	1.800.000	1.852.000	1.860.000
Greiddir vextir	-1.141.899	-821.000	-1.331.000	-1.003.000
Mótttekinn arður	8.743	5.000	11.000	5.000
Handbært fé frá (til) rekstrar	-1.734.763	-3.051.000	-2.637.000	-4.146.100
Fjárfestingarhreyfingar				
Markaðsskuldabréf	0	0	0	0
Hlutabréf	-11.338	-150.000	0	-300.000
Varanlegir rekstrarfjármunir	0	-10.000		0
Fjárfestingarhreyfingar	-11.338	-160.000	0	-300.000
Fjármögnunarhreyfingar				
Afborganir af lántökum	-1.491.345	-2.534.000	-2.311.000	-2.225.000
Nýjar lántökur	4.965.395	5.000.000	5.000.000	5.000.000
Fjármögnunarhreyfingar	3.474.050	2.466.000	2.689.000	2.775.000
Hækkun (lækkun á handbæru fé	1.727.949	-745.000	52.000	-1.671.100
Gengismunur á handbæru fé	-18.008	0	0	0
Handbært fé í ársbyrjun	926.930	1.886.624	2.636.871	2.688.871
Handbært fé í lok ársins	2.636.871	1.141.624	2.688.871	1.017.771